

Því dæmist rétt vera:

Fjárkröfu Ingibergs Hannessonar á hendur stefnda, bæjarstjóra Vestmannaeyja f. h. bæjarsjóðs, í máli þessu, vísast frá dómi.

Stefnandi, Verkamannafélagið Drifandi vegna Ingibergs Hannessonar, greiði stefnda kr. 75.00 í málskostnað innan 15 sólarhringa frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 21. nóvember 1941.

Nr. 5/1941. **Vinnuveitendafélag Íslands f. h. Félags íslenzkra iðnrekenda**

gegn

Alþýðusambandi Íslands f. h. Iðju, félags verksmiðjufólks í Reykjavík.

Mál út af uppsögn á kjarasamningi. Uppsögnin talin ógild.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi af Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Félags ísl. iðnrekenda gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. Iðju, félags verksmiðjufólks í Reykjavík, með stefnu, dags. 31. f. m. Hefur stefnandi gert þær dómkröfur, að viðurkennt verði, að uppsögn Iðju, dags. 30. sept. s. l., á öllum gildandi kaup- og kjarasamningum milli þess félags og Félags ísl. iðnrekenda frá 1. jan. 1942 að telja, skuli teljast að öllu leyti ógild og samningar milli nefndra félaga því halda fullu gildi eins og umrædd uppsögn hefði aldrei farið fram. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess hins vegar, að nefnd uppsögn verði gild metin og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Í 18. gr. núgildandi kjarasamnings milli Félags íslenzkra iðnrekenda og Iðju, félags verksmiðjufólks í Reykjavík, er svo kveðið á, að samningurinn skuli vera í gildi „þar til annar hvor aðili segir honum upp fyrir áramót með minnst 3gja

mánaða fyrirvara.“ Á fundi, sem haldinn var í félaginu Iðju 29. sept. s. l. var samþykkt að segja upp samningum við Félag íslenzkra iðnrekenda, og daginn eftir, þann 30. sept., ritar Iðja Félagi íslenzkra iðnrekenda bréf og tilkynnir þar uppsögn samninganna.

Samkvæmt skýrslu skrifstofumanns hjá Iðju var hann sendur með bréf þetta á skrifstofu Félags íslenzkra iðnrekenda rétt fyrir kl. 18 þann dag, og skyldi hann fá viðurkenningu fyrir móttöku bréfsins. Sendimaður þessi kveðst hafa komið þar að lokuðum dyrum og hvarf hann frá við svo búið, án þess að láta bréfið í bréfakassa, sem er á hurðinni. Sneri stjórn Iðju sér þá til pósthússins í Reykjavík og fékk þar sérstakt leyfi, þar sem komið var fram yfir venjulegan lokunartíma póststofunnar, til þess að koma í póst ábyrgðarbréfi til Félags íslenzkra iðnrekenda, sem innihélt uppsögnina, og mun klukkan hafa verið orðin nálægt 20—25 mínútur yfir 18, þegar bréfið var afhent.

Stefnandi skýrir svo frá, að skrifstofutími á skrifstofu Félags íslenzkra iðnrekenda sé alla virka daga frá kl. 10—12 og 13—17, en auk þess hafi skrifstofustjórinn verið staddur á skrifstofunni frá kl. 17 til kl. rúmlega 18 þann 30. sept. s. l., og hafi skrifstofan verið opin þann tíma. Kveðst skrifstofustjórinn, sem mætt hefur hér fyrir dómi og gefið skýrslu, ekki hafa orðið þess var, að nokkur sendimaður kæmi frá Iðju til þess, er hann fór af skrifstofunni kl. rúmlega 18 þann dag. Kveðst hann þá hafa farið niður á pósthús, en þar hafi félagið pósthólf, gætt í það en þá hafi engin tilkynning um ábyrgðarbréf verið komin og ekki heldur kl. 20,30 sama dag, en þá gætti hann aftur í pósthólfið. Kveður hann tilkynninguna um bréfið frá Iðju ekki hafa komið í pósthólf félagsins fyrr en daginn eftir, þann 1. okt. s. l., og hafi uppsögn Iðju þannig fyrst borizt Félagi íslenzkra iðnrekenda þann dag.

Stefnandi byggir framangreindar dómkröfur sínar á því, að þar sem 18. gr. framannefnds samnings kveði svo á, að honum skuli sagt upp „fyrir áramót með minnst þgja mánaða fyrirvara“, þá hljóti í því að felast það, að uppsögn á honum skuli vera komin í hendur viðkomandi aðilja í síðasta lagi hinn 30. september. Nú hafi umrædd uppsögn ekki borizt til Félags íslenzkra iðnrekenda fyrr en 1. okt. s. l., enda ekki sett í póst af Iðju fyrr en eftir að afgreiðslu bréfa-

póststofunnar hér hafði verið lokað, og hafi stjórn Iðju því hlotið að vera ljóst, að uppsögnin gæti ekki komið til vitundar Félags íslenzkra iðnrekenda fyrr en 1. okt. Telur hann, að uppsögnin hafi þannig komið of seint, til þess að geta leitt til þess, að umræddur samningur félli úr gildi um næstu áramót. Með því að Iðja vildi ekki fallast á þessa skoðun stefnanda, höfðaði hann mál þetta hér fyrir dómi, eftir að fram hafði farið sáttaumleitun milli sammingsaðilja samkvæmt 17. gr. frammannefnds kjarasamnings.

Stefndi hefur mótmælt kröfum stefnanda og krefst þess, að oftnefnd uppsögn verði gild metin.

Telur hann uppsögnina nógu snemma komna. Byggir hann þá skoðun sína á því, að hinn 30. sept. hafi í tveimur dagblöðum bæjarins verið skýrt frá samþykkt Iðju um uppsögn samninganna á fundi félagsins daginn áður. Þessa frétt hafi skrifstofustjóri Félags íslenzkra iðnrekenda hlotið að sjá, enda sé það viðurkennt í málinu. Hafi hann því mátt vita, að von var á uppsögn frá Iðju hendi. Enn fremur hafi Runólfur Pétursson, formaður Iðju, getið þess í samtali, er hann átti við Jón Kjartansson, framkvæmdastjóra, hinn 30. sept. s. l., en hann er í stjórn Félags íslenzkra iðnrekenda, að Iðja, félag verksmiðjufólks, hefði á fundi daginn áður samþykkt að segja upp öllum gildandi samningum við Félag íslenzkra iðnrekenda. Telur stefndi, að þar sem skrifstofustjóra iðnrekendafélagsins og einum stjórnarmeðlim þess hafi þannig verið kunnugt um samþykkt Iðju, þá hafi verið nægilegt, eins og á stóð, að Iðja kæmi uppsagnarbréfinu í póst áður en uppsagnarfresturinn væri útrunninn, eins og hún líka hafi gert. Krefst hann því þess, að viðurkennt verði, að uppsögnin sé að öllu leyti gild tekin.

Eins og að framan er greint skyldi umræddum samningum sagt upp með minnst 3ja mánaða uppsagnarfresti miðað við áramót, og þurfti því uppsögn að fara fram fyrir 1. október, ef hún átti að koma að haldi. Verður dómurinn að fallast á þá skoðun stefnanda, að það sé ekki nægilegt, að uppsögnin sé send frá þeim aðilja, er upp segir, fyrir lok uppsagnarfrestsins, heldur þurfi uppsögnin að vera komin í hendur þess, er hún er stíluð til eða á þann stað, þar sem hann á kost á að kynna sér hana. Þessu skilyrði var ekki fullnægt af Iðju í þessu sambandi, með því að setja í póst ábyrgðarbréf eftir lokunartíma póststofunnar 30. sept. s. l., því for-

ráðamönnum þess félags hlaut að vera það ljóst, að uppsögnin gæti ekki á þann hátt komizt til vitundar fyrirsvaramanna Félags íslenzkra iðnrekenda fyrir lok uppsagnarfrestsins. Fréttalestur skrifstofustjórans, lauslegt viðtal formanns Iðju við stjórnarnefndarmann iðnrekendafélagsins um fundarsamþykkt Iðju hinn 29. sept. og hin árangurslausu sendiferð til skrifstofu Félags íslenzkra iðnrekenda verða ekki heldur talin geta réttlætt þennan seinagang hjá Iðju.

Samkvæmt þessu ber að taka til greina þá kröfu stefnanda, að uppsögn Iðju, dags. 30. sept. s. l., á samningum þess félags við Félag íslenzkra iðnrekenda, skuli vera ógild.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Uppsögn Iðju, félags verksmiðjufólks í Reykjavík, dags. 30. sept, s. l., á samningum þess félags við Félag íslenzkra iðnrekenda frá 1. jan. 1942, skal vera ógild.

Málskostnaður falli niður.

Þriðjudaginn 16. desember 1941.

Nr. 9/1941. **Alþýðusamband Íslands f. h. Sjómannafélags Reykjavíkur.**

gegn

Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Eimskipafélags Íslands h/f.

Varadómáraman Sigurgeir Sigurjónsson í stað Sigurjóns Á. Ólafssonar og Sigurjón Jónsson í stað Jóns Ásbjörns-sonar.

Ágreiningur um skilning á ákvæðum kjarasamnings um greiðslu dýrtíðaruppbótar.

Dómur.

Hinn 21. janúar s. l. gerðu Eimskipafélag Íslands h/f og Sjómannafélag Reykjavíkur samning um kaup og kjör háseta og annan um kaup og kjör kyndara. Síðasta málsgrein 1. gr. samninga þessara er svo hljóðandi: